

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Velleifsholts-hverfis í Ásahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

63. Nefnd Verkalýðsfélags Reyðarfjarðarhrepps, aðsetur í Reyðarfjarðarhreppi. Staðfest 16. janúar 1969.
64. Nefnd Verkalýðsfélags Skeggjastaðahrepps, aðsetur í Bakkafirði, N.-Múl. Staðfest 16. janúar 1969.
65. Nefnd Bifreiðastjórafélagsins Keilis, aðsetur í Keflavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
66. Nefnd Offsetprentarafélags Íslands, aðsetur í Reykjavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
67. Nefnd Vélstjórafélags Ísafjarðar, aðsetur í Reykjavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
68. Nefnd Verkstjórásambands Íslands, aðsetur í Reykjavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
69. Nefnd Sjómannafélags Ísfirðinga, aðsetur á Ísafirði. Staðfest 14. febrúar 1969.
70. Nefnd Verkalýðsfélags Egilsstaðahrepps, aðsetur á Egilsstöðum. Staðfest 14. febrúar 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.